

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 399/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

**Veiðifélagi Rangæinga.**

Kærumál. Lögbann. Kæruheimild.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. september sl. Í greinargerð til Hæstaréttar 18. þessa mánaðar gerir hann þær dómkröfur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Mál þetta varðar beiðni sóknaraðila frá 12. september sl. um lögbann við því, að haldinn yrði félagsfundur í Veiðifélagi Rangæinga að kvöldi 16. sama mánaðar, sem félagsstjórn hafði boðað til, eins og nánar er rakið í hinum kærða úrskurði. Fundur þessi hefur síðan verið haldinn, og hefur sóknaraðili tekið mið af því við kröfugerð fyrir Hæstarétti, að honum verði nú ekki afstýrt.

Úrskurður fógetaréttar um það, hvort lögbann skuli á lagt eða ekki, sætir ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Brestur þannig lagaheimild til að sinna kröfum sóknaraðila, og ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðila, Veiðifélagi Rangæinga, 15.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.